

Nettengd Biblía fyrir börn

kynnir



Stúlkan sem lifði tvisvar



Höfundur: Edward Hughes
Myndskreytingar: Janie Forest

Þýðandi: Práinn Kristjánsson
Aðlagð af: Ruth Klassen

Saga 49 af 60

www.M1914.org

Bible for Children, PO Box 3, Winnipeg, MB R3C 2G1 Canada

Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta þessa sögu, en ekki selja.

Íslenska

Icelandic

Jáirus var Gyðinglegur kirkjuleiðtogi sem tilbað Guð og kenndi Guðs orð. Dag nokkurn varð Jáirus mjög áhyggjufullur.



1

Ástkær dóttir hans, aðeins tólf ára gömul, veiktist. Það virtist sem enginn gæti hjálpað henni. Þetta var slæm veiki. Jáirus vissi að dóttir hans var að deyja.



2

Það var aðeins einn sem gat hjálpað dóttur Jáirusar. Jáirus fór til að finna Jesú og fá hann til að koma heim til sín.




3

Jáirus vissi sennilega að vinir hans í söfnuðinum samþykktu ekki Jesú, en Jáirusi var sama. Hann varð að fá skjóta hjálp áður en dóttir hans dæi.



4

Jáirus fann Jesú þar sem hann var umkringdur mannfjölda. Hann féll að fótum Jesú.




5

"Dóttir mín litla, liggur fyrir dauð-anum, "Komdu og legðu hendur þínar yfir hana svo að hún megi læknaströf og lifa."



6

Jesús fór með Jáirusi en þeir gátu ekki farið hratt yfir vegna hins mikla fólksfjölda. Þar var kona ein sem verið hafði mikið veik í 12 löng ár.



7

Hún hafði farið til allra læknanna, og eitt öllum sínum peningum, án árangurs. Ó, hversu mikið hana langaði til að finna Jesú!



8




Hvað gat konan gert? "Ef ég aðeins fæ að snerta klæði hans, þá mun ég læknastr," tautaði hún fyrir sér". Hún mjakaði sér í áttina til Jesú. Svo rétti hún út höndina og snerti skikkju Jesú.

9




Kraftaverk!
KRAFTAVERK!
Konan læknaðist.
Samstundis!
Algerlega! Hún
vissi að hún var
læknuð, styrk og
heil. Þá heyrðist
rödd. "Hver
snerti mig?"
spurði Jesús.

10



Fjöldi fólks hafði
snert hann. En
konan sem hafði
læknastr vissi að
hann vildi að hún
segði honum frá
því. Feimnislega
sagði hún honum
frá öllu saman.

11



Samtímis komu
þjónar frá húsi
Jaírusar.
Sennilega mátti
sjá sorgarsöguna
í andlitum þeirra
áður en þeir
mæltu eitt
einasta orð.

12



"Dóttir þin er dáiin!"
sögðu þeir Jaírusi.
Dáiin! Það var um
seinan. Ef konan
hefði ekki seinkað
öllu ... hugsanlega, ef
... Dáiin! Dóttir hans
ástkæra var dáiin.

13



Þegar Jesús heyrði það, svaraði hann: "Verið
ekki hrædd, heldur trúið, og hún mun verða heil
aftur." Það hlýtur að hafa verið erfitt fyrir Jaírús
að fyllilega
trúa Jesú.

14

Dóttir hans var dái. Það var mikil sorg og grátur heima hjá Jáirusi. "Hún er ekki dái, hún bara sefur," Jesús sagði þeim. Þau hlógu að honum.

Þau vissu að hún var dái.




15

Jesús sagði þeim öllum að fara út, tók hönd stúlkunnar og sagði, "Rís upp telja mín." Jáirus og kona hans ásamt þremur af lærisveinum Jesú voru til staðar. Þau öll heyrðu orð Jesú. Skyldi litla látna stúlkan líka heyra í þeim?




16

Látna stúlkan heyrði fyriræli Jesú! Andi hennar snéri aftur, og hún reis upp tafarlaust. Jesús hafði reyst hana upp frá dauðum.



17

Foreldrar stúlkunnar voru furðu lostnir. Jesús sagði þeim að gefa henni eitthvað að borða. Þau hljóta að hafa verið frá sér numin af gleði og þakklæti í garð Jesú. Dásamlegur kærleikur hans og kraftur endur heimti dóttur þeirra frá dauðanum."



18

Stúlkan sem lifði tvisvar

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,

er að finna í

Markúsi 5, Lúkasi 8

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130

Guð veit að við höfum öll gert rangt af okkur, sem hann kallar synd. Hegning syndarinnar er dauði.

Guð elskar okkur svo mikið að hann sendi son sinn, Jesú, til að deyja á krossi til að borga fyrir syndir okkar. **Jesús lifnaði á ný** og fór aftur til himnaríkis. Nú getur Guð fyrirgefið syndir okkar.

Ef þú vilt snúa baki við syndum þínum, segðu þá eftirfarandi til Guðs: Góði Guð, ég trúi að Jesús hafi dáið fyrir mig, og komið svo aftur til lífs. Ég bið þig nú að koma inni líf mitt og fyrirgefa syndir mínar, svo ég geti öðlast nýtt líf og verið með þér alla eilífð. Hjálpaðu mér að lifa fyrir þig sem Guðs barn. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á hverjum degi!